

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn í fundarsal skrifstofu Blönduósbæjar, miðvikudaginn 6. janúar 2021, kl: 13:00-

Mættir: Sigurgeir Þór Jónasson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps, sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt.

Fundargerð:

Sigurgeir Þór, formaður, setti fund, kl 13:07, og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, frá 9. desember 2020, var lögð fram til undirritunnar en fundargerðin hafði áður verið send út í tölvupósti án athugasemda.

2. Umræða um efni bókana undir dagskrálið 2. á síðasta fundi.

Farið var yfir tilurð og efni bókana á síðasta fundi stjórnar, við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021, undir lið nr 2., en sveitarstjórn Húnavatnshrepps hafði á 234. fundi, þann 17. desember 2020, tekið undir síðari hluta bókunarinnar. Fyrir fundinum liggja ýmis gögn um þær breytingar sem orðið hafa í rekstrarumhverfi slökkviliða og uppbyggingu Brunavarna A-Hún., meðal annars vegna hertra reglna um vaktir, ásamt ábendingum í úttekt Mannvirkjastofnunar, frá 2019, sem brugðist hefur verið við að stærstum hluta. Rætt var um mögulegar leiðir til þess að stækka vaktsvæði slökkviliðsins til þess að mæta auknum fastakostnaði og hertum reglum. Fyrst verði skoðað aukið samstarf innan Húnavatnssýslna og einnig skoðað með allt NV-land, til lengri tíma, þar sem verið er að auka kröfur til reksturs allra slökkviliða.

Þá var rætt ítarlega um það hvað það væri sem óskað væri eftir að taka ætti út, og hvort það væri virkilega tilefni til þess að fá utanaðkomandi aðila til slíkrar úttektar. Fulltrúi Húnavatnshrepps staðfesti óskir um að hlutlaus aðili myndi koma að úttekt. Valdimar lagði fram 2 tilboð frá einum aðila sem þekkir vel þetta umhverfi og einnig verðhugmyndir frá nokkrum ráðgjafarfyrirtækjum, sem gefa sig út fyrir slíka vinnu.

Borin var upp tillaga um að fá Pétur Valdimarsson, sérfræðing í brunavörnum, til þess að hitta stjórn á einum fundi og taka saman minnisblað um þau 5 atriði sem stjórn myndi leggja til grundvallar, ásamt því að koma með tillögur um þau atriði. Miðað yrði við lægra tilboðið sem lá fyrir fundinum, og að skil yrðu fyrir 15.02.'21.

Tillagan samþykkt með 2 atkv., en Anna Margret, situr hjá og bókar eftirfarandi: „Fulltrúi Blönduósbæjar situr hjá við þessa afgreiðslu. Telur fulltrúinn væntanlegan kostnað við fyrirhugaða úttekt, sem skv. tilboði frá óháðum aðila verður á bilinu 500.000 til 700.000 kr., ekki vera skynsamlega ráðstöfun á fjármunum byggðasamlagsins. Er sú skoðun fulltrúans m.a. byggð á því að meirihluti þeirra upplýsinga, sem sækja á í þessa úttekt samkvæmt beiðni fulltrúa Húnavatnshrepps, liggur nú þegar fyrir í brunavarnaráætlun sveitarfélaganna og úttektum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Vinna hins óháða aðila, við að safna saman upplýsingum sem þegar liggja fyrir, mun þannig ýmist leiða til beins kostnaðarauka fyrir

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

byggðasamlagið eða þess að hluta fjármagns, sem ráðstafa átti til framkvæmda á nýju húsnæði slökkviliðsins, verður að nýta til úttektarinnar samkvæmt tillögu áheyrnarfulltrúa Húnavatnshrepps. Telur fulltrúinn að stjórnarmenn byggðasamlagsins séu fullfærir um að safna saman þessum upplýsingum og rýna þær án útlagðs kostnaðar í formi aðkeyprar þjónustu."

3. Munnleg skýrsla slökkviliðsstjóra A-Hún., um stöður mála.

Ingvar slökkviliðsstjóri fór yfir stöður nokkra mála frá síðasta fundi, um reksturinn.

- Alls voru 17 útköll hjá slökkviliðinu á árinu 2020. Sjö af þeim voru alvarleg, þrjú í hæsta forgangi eða F1 og fjögur í forgangi F2. Síðan voru níu útköll í F3 og eitt í F4. Vonast er til aukinnar virkni í æfingum og starfi slökkviliðsins á nýju ári, með bólusetningu slökkviliðsmanna.
- Unnið hefur verið að undirbúningi framkvæmda, sem áætlaðar voru á þessu ári.
- Gerð var verðkönnun hjá tveimur aðilum vegna smíðaframkvæmda í nýrri slökkvistöð, og var samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda.
- Klára þarf fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi við Slökkvilið Skagastrandar og tekur stjórn undir það að slíkur samningur verði undirritaður sem allra fyrst.

4. Önnur mál.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl.14:37 -

Sigurgeir Þór Jónasson,

Sverrir Þór Sverrisson,

Anna Margret Sigurðardóttir,

Ingvar Sigurðsson,

Einar Kristján Jónsson,

Valdimar O Hermannsson,